

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 22. nóvember 2023
UST202310-262/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Skálabrekka-Eystri í Þingvallasveit - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skálabrekku-Eystri í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram tillagan gengur út á að skilgreina 17 landbúnaðarlóðir á 75 ha. svæði. Einnig kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru tvær sumarhúsalóðir. Auk þess kemur fram að á lóðunum sem eru landbúnaðarlóðir er heimilt að reisa eitt íbúðarhús og aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Nýtingarhlutfall lóðanna má ekki vera hærra en 0.03. Einnig gerir tillagan ráð fyrir vegum og hreinsivirkjum. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum dags. 27. mars sl.¹

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20Sk%c3%a1labrekka-Eystri%20.pdf>